

Fundargerð

Fundur í mats og hæfnisnefnd

Dagsetning: 5. mars 2022

Fundartími: 15:00 – 16.00

Staðsetning: Furugerði 4, Skaftahlíð

Númer fundar: 2

Viðstaddir: Reynir Tómas Geirsson og Kristín Huld Haraldsdóttir

Fjarverandi: Magnús Karl Magnússon

Fundarritari: Selma Guðnadóttir

1. Fundargerð síðasta fundar. Var ekki gerð því fundurinn var óformlegur umræðufundur.
2. Ráðuneytið hefur beðið um upplýsingar um hvar námsstöður eru á landinu og hversu margir eru að vinna í þeim. RTG ætlar að hafa samband við kennslustjórana til að fá upplýsingar um það.
3. Reglugerðarbreytingar og Gullbókin (GB). Frá Tómasi Þór Ágústssyni formanni FMRL hafa komið upplýsingar um að útgáfa Gullbókar verði í samræmi við ákvæði nýrrar reglugerðar. GB var upphaflega hugsuð sem útgáfa á vegum Embættis landlæknis (EL), eða fylgiskjal við reglugerðina en hætt hefur verið við það seinna. Umsýsla málanna var rædd og skil milli þeira sem setja reglur og sjá um leyfisveitingar skv. þeim.
Landsráð um framhaldsnám heilbrigðisstétta að sænskri fyrirmynd er ekki komið. Markmið þar á að vera tengt því að tryggja mönnun og starfsemi í heilbrigðiskerfinu. Sérnám heilbrigðisstétta er misjafnlega þróað og lengst komið innan læknisfræði. Fyrirmyndir er sóttar til Norðurlandanna og einnig til Bretlands
RTG hefur lagt til að styrkja mats- og hæfnisnefndina með því að auka fjölda nefndarmanna ásamt því að það komi starfsmaður sem sér um starfsemi nefndarinnar.
4. Staða mála nú m.t.t. endurnýjaðra viðurkenninga spítaladeilda rædd.
5. Rætt um bréf um viðurkenningar heilsugæslustöðva. Kennslustjórnir eiga að bera ábyrgð á kennslu þar.
6. Borist hefur ný marklýsing frá taugalækningadeildinni, sem RTG og KHH skoða.
7. Rætt um HNE og augnlæknasérnám.
8. Bréf frá Embætti landlæknis þar sem beðið er um stefnumarkandi álit.
9. Önnur mál og tímasetning næstu funda. Fundir verða á hálfsmánaða fresti fram á vorið til að klára það sem eftir er.